

Nd. **110. Frumvarp til laga** [107. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981) .

1. gr.

41. gr. hljóði svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkarhúsum, sem ríkið rekur (ríkisspítölum) svo og þeim sjúkrahúsum öðrum, sem rekin eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, enda taki ákvæði 46. gr. um daggjöld ekki til þeirra. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

1. ml. 3. mgr. 46. gr. hljóði svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem 41. gr. nær ekki til, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, ásamt gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga, skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 117/1976 var ákveðið að fjármagna rekstur ríkisspítalanna frá og með árinu 1977 með beinum framlögum úr ríkissjóði, eins og þau yrðu ákveðin hverju sinni á fjárlögum. Fram til þess tíma voru daggjöld ríkisspítalanna ákvörðuð af daggjaldanefnd eins og annarra daggjaldastofnana, sbr. 46. og 42. gr. l. 67/1971.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir sömu breytingu á fyrirkomulagi greiðslu reksturskostnaðar fleiri sjúkrahúsa, án þess þó að tilgreina hver þau yrðu. Ákvörðun um það fælist í samþykki Alþingis á rekstrarframlagi skv. fjárlögum til þar nafngreindra stofnana, eins og nú er um ríkisspítala, sbr. t. d. liði 08—371 til og með 08—377 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1981.

Skv. 46. gr. l. 67/1971 ber daggjaldanefnd að ákveða daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Daggjöld eru greidd af sjúkrasamlögum eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir þeirra hönd. Ríkissjóður ber 85% daggjaldakostnaðar en sveitarsjóðir 15%.

Við framkvæmd lagafrumvarps þessa, ef að lögum verður, þarf því að hafa í huga framangreinda kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og gera sérstakar ráðstafanir, eigi þessi skipting að haldast, ella féllu öll útgjöld vegna sjúkrahúsa skv. fjárlögum á ríkissjóð einan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessari, sem kom í lög með lögum nr. 117/1976, er lagt til að breytt verði á þann veg, að hún taki ekki einvörðungu til ríkissjúkrahúsa, heldur og annarra sjúkrahúsa skv. ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að burtu falli orðin „annarra en ríkisspítalanna“ og í staðinn komi „sem 41. gr. nær ekki til“. Er þá vísað í 41. gr. þannig breytta, að hún tekur til fleiri sjúkrahúsa en ríkisspítalanna. Jafnframt er það tryggt með þessu orðalagi, að ekki geta farið saman fjárlagaframlög og daggjaldagreiðslur vegna sama reksturs.